

1901

Þriðjudaginn 26. nóvember 1991.

Nr. 457/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Þorgeiri Jónssyni

og Ólafi Jónssyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1991. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðilum var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember sl. kynnt kæra ríkissaksóknara. Taka þeir undir kröfur ákærvaldsins.

Af hálfu ákærvaldsins er eftirfarandi grein gerð fyrir mála-vöxtum:

„Aðfaranótt laugardagsins 23. febrúar sl. stöðvaði lögreglan í Njarðvík akstur bifreiðarinnar G-27697, sem ekið var norður Njarðarbraut þar í bæ með allt að 136 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Ökumaður bar einkenni ölvunar og viðurkenndi að hafa neytt áfengis skömmu áður. Hann kvaðst heita Þorgeir Jónsson, til heimilis að Rauðagerði 49, Reykjavík, og undirritaði því nafni skýrslu varðstjóra og vottorð um, að honum hefði verið kunn-gerð ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda samkvæmt 103. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Blóðsýni úr öku-manni var sent til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í sýninu 2,13‰. Þann 3. apríl sl. var ökumaður yfirheyrður um meint ölvunar- og hraðakstursbrot í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Gekkt hann við greindum brotum og undirritaði lög-regluskýrslu með nafninu Þorgeir Jónsson. Málið var því næst sent sakadómi Reykjavíkur, þar sem maðurinn gekkst undir hina kærðu dómsátt. Var honum með sáttinni gert að sæta 42.000 króna sekt og sviptingu ökuréttinda í 14 mánuði. Þann 31. október sl. kom bróðir nefnds Þorgeirs, Ólafur Jónsson, einnig til heimilis að

Rauðagerði 49, Reykjavík, á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík og viðurkenndi að hann, en ekki Þorgeir, hefði verið ökumaður bifreiðarinnar G-27697, er lögreglan stöðvaði akstur hennar í Njarðvík í ofangreint sinn. Ólafur kvaðst hins vegar hafa gefið upp nafn Þorgeirs bróður síns, og undirritað skýrslur því nafni hjá lögreglunni í Njarðvík og lögreglunni í Reykjavík. Hann hefði einnig mætt í sakadómi Reykjavíkur, kveðist vera Þorgeir og ritað undir dómsátt með nafni hans. Ólafur mætti í sakadómi Reykjavíkur þann 12. þ.m. og viðurkenndi brot sitt. Þorgeir gaf skýrslu í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 11. þ.m. og fyrir sakadómi daginn eftir og kvaðst saklaus af greindu broti. Því liggur fyrir að með hinni kærðu dómsátt hefur saklaus maður verið látinn undirgangast greiðslu sektar og sæta sviptingu ökuréttinda.“

Ólafur Jónsson hefur gengist við því að hafa gefið upp nafn Þorgeirs, bróður síns, við rannsókn máls þessa hjá lögreglu og við dómsáttarmeðferð þess fyrir sakadómi Reykjavíkur og óskað þess, að málið verði leiðrétt gagnvart Þorgeiri. Málsatvik þykja að fullu upplýst. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.